

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

331. fundur

Föstudaginn 20. nóvember 2020 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. Fundurinn sem var fjarfundur hófst kl. 11:00.

Mætt voru:

Hjálmar Sveinsson (HS) , Karen Halldórsdóttir (KH), Ásgeir Sveinsson (ÁS) og Helga Ingólfssdóttir (HI), öll í fjarfundi.

Fjarverandi voru Sigrún Edda Jónsdóttir (SEJ) og Gunnar Valur Gíslason (GVG), bæði vegna tengingarörðugleika.

Fundinn sátu einnig Jóhannes S. Rúnarsson (JSR), framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð og Sigríður Harðardóttir, sviðsstjóri mannauðs- og gæðasviðs.

Dagskrá fundar:

1. Drög að starfsáætlun 2021.
2. Útboð á leigubílaakstri í akstursþjónustu fyrir fatlað fólk.
3. Samningur við FARA AS vegna tafa.
4. Samningur við Vegagerðina vegna landsbyggðarvagna.
5. Önnur mál.
 - a. Fyrirspurn frá Flokki fólksins í Reykjavík.
 - b. Markaðsáttak vegna leiðar 19 í Hafnarfirði.
 - c. Þemavagn í jólamánuðinum.

Tekið fyrir:

1. Drög að starfsáætlun 2021.

Lögð voru fram drög að starfsáætlun fyrir árið 2021.

2. Útboð á leigubílaakstri í akstursþjónustu fyrir fatlað fólk.

Fyrir fundinum lágu lokaútgáfa á útboðsgögnum fyrir leigubílaakstri í akstursþjónustu fyrir fatlað fólk ásamt minnisblaði frá Erlendi Pálssyni sviðsstjóra Pant.

Gögnin verða send til borgar- og bæjarstjóra Reykjavíkur, Garðabæjar, Mosfellsbæjar og Seltjarnarnes til samþykkis. Í framhaldi af því tekur stjórn Strætó málið til afgreiðslu.

Stjórn óskar eftir minnisblaði frá framkvæmdastjóra Strætó um stjórnsýslu vegna verkefnis um akstursþjónustu fyrir fatlað fólk og fötluð skólabörn.

3. Samningur við FARA AS vegna tafa.

Fyrir fundinum lágu fyrir drög að samkomulagi við FARA AS vegna vegna tafa á afhendingu rafræns greiðslukerfis og rekja má til FARA AS.

Stjórn samþykkir að heimila framkvæmdastjóra að ganga frá samkomulagi við FARA AS á grundvelli þeirra.

4. Samningur við Vegagerðina vegna landsbyggðarvagna.

Framkvæmdastjóri Strætó fór yfir drög að þjónustusamningi við Vegagerðina um skipulag og framkvæmd almenningssamgangna á landsbyggðinni. Þjónustusamningurinn byggir á grunni samnings sem var í gildi milli Strætó og landshlutasamtaka sveitarfélaga (samtök sveitarfélaga á Suðurlandi, samtök sveitarfélaga á Suðurnesjum, Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi og Eyþing) sem áður sáu um þessa þjónustu.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að ganga frá þjónustusamningi við Vegagerðina á grundvelli fyrirbyggjandi draga.

5. Önnur mál

- a) Fyrirspurn, dags. 12.11.2020, frá Flokki fólksins í Reykjavík varðandi endurmenntun atvinnubílstjóra hjá Strætó. Stjórn fól framkvæmdastjóra að svara fyrirspurninni.
- b) Markaðsáttak vegna kynningar á nýrri leið 19 í Hafnarfirði. Markaðs- og söludeild Strætó vinni í samráði við fulltrúa Hafnarfjarðar kynningu á leið 19.
- c) Framkvæmdastjóri kynnti hugmynd að þemavagni í jólamánuðinum.

Fundi slitið kl. 11:25.

Fylgiskjöl:

Hjálmar Sveinsson

Karen Halldórsdóttir

Helga Ingólfssdóttir

Ásgeir Sveinsson